



KIRKJUGARÐASAMBAND ÍSLANDS

Fossvogi • 105 Reykjavík • S: 551 - 8166 • Fax: 562 - 0244

Alþingi

Erindi nr. P 127/997

komudagur 5.3.2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 4. mars 2002.

Undirritaður hefur mótttekið bréf frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 13. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ) á frumvarpi til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Á stjórnarfundum í KGSÍ, sem haldinn var 25. og 26. febrúar sl., var erindi bréfs allsherjarnefndar rætt og undirrituðum síðan falið að svara því.

Undirritaður var einn af þeim nefndarmönnum sem ráðherra skipaði til að endurskoða lög um kirkjugarða. Ýmis mál, sem fram komu í skipunarbréfi ráðherra og ætlunin var að nefndin ræddi og gerði tillögu um, fengu að álit margra nefndarmanna ekki næga umræðu. Af þessum sökum óskaði formaður eftir lengri starfstíma fyrir nefndina. Ekki var orðið við þeirri beiðni að hálfu ráðherra. Það er því ljóst að fyrir-
liggjandi frumvarp tekur aðeins á hluta þeirra fjölmörgu lagagreina, innan þessa laga-
bálks, sem þurfa ítarlegrar umfjöllunar við og leitt gæti til breytinga.

Frumvarpið er að mestu óbreytt eins og það kom frá nefndinni. Þó urðu á því nokkrar breytingar við meðhöndlun kirkjuþings. Tilfinnanlegust var sú breyting að felld var út eftirfarandi tillaga nefndarinnar:

Í lok 1. mgr. 20. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Kirkjugarðsstjórn er heimilt að taka gjald fyrir geymslu í líkhúsi, að fengnu samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Það var gott samkomulag um þessa breytingatillögu innan nefndarinnar og er mjög bagalegt að hún skyldi verða felld út í meðhöndlun kirkjuþings. Undirritaður óskaði eftir skýringum frá formanni laganeftar kirkjuþings en fátt var um svör.

Í ljósi sífelldra skerðinga á tekjum kirkjugarða er það mjög þýðingarmikið fyrir þá kirkjugarða sem reka líkhús að hafa heimild í lögum til að taka þjónustugjald. Benda má á að það sé ekki lagaskylda kirkjugarða að reka líkhús, sbr. 20. grein laganna, heldur sé þar um heimild að ræða:

20. gr.:

„Kirkjugarðsstjórn er heimilt að láta reisa kapellu og líkhús í eða við kirkjugarð á kostnað hans og koma þar upp húsnæðisaðstöðu fyrir starfsmenn kirkjugarðsins. Uppdrættir og staðsetning skulu samþykkt af skipulagsnefnd kirkjugarða og skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins. Gerð kapellu og líkhúss skal háð samþykki byggingarnefndar og heilbrigðisnefndar.

Kirkjugarðsstjórn er enn fremur heimilt að taka þátt í kostnaðarsömum framkvæmdum við útfararkirkjur.

Skylt er kirkjugarðsstjórn að annast greftrunarkirkjur og kosta rekstur þeirra, sbr. lög um kirkjusóknir o.fl.“

Stjórn KGSÍ leggur til að heimildarákvæðið: *Kirkjugarðsstjórn er heimilt að taka gjald fyrir geymslu í líkhúsi, að fengnu samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, verði sett aftan við 20. greinina, eins og endurskoðunarnefndin gerði ráð fyrir.*

Nokkrir kirkjugarðar á landinu reka líkhús og má hér nefna Kirkjugarð Hafnarfjarðar, Kirkjugarða Akureyrar, Ólafsvíkurkirkjugarð, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma o.fl. Einnig reka mörg sjúkrahús líkhús og ekki er ólíklegt að þau myndu nýta sér heimild til gjaldtöku til samræmis við kirkjugarðana.

Virðingarfyllt,



Þórsteinn Ragnarsson,
stjórnarformaður.